

## Ágætu lesendur

### Greiðslumarksákvörðun

Eftir að samningur L.K og ríkisins hefur verið samþykktur er ljóst að næsta verðlagsár verður 16 mánuðir þ.e. frá 1. september 2009 til áramóta 2010.

Samtökum afurðastöðva er ætlað að gera tillögur til framkvæmdanefndar búvörusamninga um greiðslumark mjólkur fyrir komandi tímabil. Ráðherra ákveður síðan greiðslumarkið endanlega. Ljóst er að tillögugerðin verður erfið að þessu sinni, bæði vegna þess ástands sem ríkir í þjóðfélaginu og eins vegna tímallengdarinnar þ.e. 16. mán. Einnig er ljóst að miklar breytingar eru að verða á neyslumynstrinu, sem kemur sennilega niður á seldu magni, sem kæmi þá niður í talsvert lækkuðu greiðslumarki.

Að öllu samanlögðu, verður eins og fram hefur komið áður á þessum vettvangi að vanda mjög þessa tillögugerð og fara yfir alla þætti málsins. Ljóst er því að tillaga um greiðslumarkið kemur ekki til með að liggja fyrir fyrir en í byrjun júlí.

### Umframmiólk

Á yfirstandandi ári hafa verið greiddar 40 kr. pr. lítra fyrir umframmiólk og mun svo verða út yfirstandandi verð-

lagsár eða til 31. ágúst nk. Á miðju ári í fyrra, þegar ákveðið var að greiða 40 kr. var það raunhæft miðað við það sem fékkst fyrir þann útflutning sem við erum að stunda.


Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þetta var og alveg ljóst að miklar breytingar hafa orðið á öllum mörkuðum og miklu minna fengist fyrir útfluttar mjólkurvörur heldur en reiknað var með, þrátt fyrir veika stöðu krónunnar. Nú liggur fyrir að taka þarf afstöðu til þess hvað greitt verður fyrir umframmiólk á næsta verðlagsári og með hvaða hætti verður kallað eftir henni.

Ljóst er að miðað við þær forsendur sem hér eru raktar muni verðið lækka umtalsvert, undir það þurfum við að búa okkur.

### ESB umræðan

Þegar þessar línur eru ritaðar liggja tvær tillögur fyrir hinu háa Alþingi þ.e. „Tillaga til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, þingskjal 38“ og „Tillaga til þingsályktunar um undirbúning aðildar að Evrópusambandinu, þingskjal 54“ Báðar þessar tillögur gera ráð fyrir því að sótt verði um aðild að ESB og farið verði út í aðildarviðræður við Sambandið.

Komið hefur fram að það er niðurstaða bæði Landssambands kúabænda



(LK) og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) að leggja til við Alþingi að það hafni umræddum þingsályktunartillögum. Fari hinsvegar svo að ákveðið verði að sækja um aðild að ESB telja bæði þessi samtök óhjákvæmilegt að eiga þátt í því að koma að málinu og leggja mikla áherslu á að eiga virka aðkomu að setningu samningsmarkmiða vegna hugsanlegra aðildarviðræðna og að geta fylgst með framvindu þeirra.

Samtökin (LK og SAM) hafa ákveðið að gera þetta sameiginlega, enda hagsmunir samtvinnaðir.

Með bestu kveðju,  
Magnús

## Ritun sögu MBF

Árið 2005 ákvað þáverandi stjórn MBF að fá Pál Lýðsson, bónda, fyrrum stjórnarmann í MBF og sagnfræðing til þess að skrá síðustu 15 árin í sögu Mjólkurbús Flóamanna. En áður hafði Páll ritað sögu MBF er félagið varð 60 ára. Páll hafði unnið að verkinu um nokkurn tíma er hann féll skyndilega frá í umferðaslysi fyrir um ári síðan. Hafði hann meðal annars tekið saman skrá yfir alla innleggjendur hjá MBF í 75 ára sögu félagsins. Eftir fráfall Páls var gengið frá samkomulagi

við son hans, Lýð Pálsson, safnstjóra og Jón M. Ívarsson, sagnfræðing um framhald málsins. Hefur Jón hafið störf við ritun sögunnar en Lýður aðstoðar við gagnaöflun.

Ritnefnd skipa: Magnús Ólafsson, forstjóri Auðhumlu, Garðar Eiríksson, Auðhumlu og Guðmundur Geir Gunnarsson, MS Selfossi. Stefnt er að því að gefa út þetta sögurit í desember næstkomandi þegar 80 ár verða liðin frá stofnun Mjólkurbús Flóamanna.

## Menningarferð Nautgripabænda við Breiðafjörð og Breiðafjarðardeildar Auðhumlu

Þann 13. júní 2009 stóð Breiðafjarðardeild Auðhumlu fyrir menningarferð nautgripabænda á félgssvæðinu.

Ferðinni var heitið til Bíldudals, Patreksfjarðar, Byggðasafnsins að Hnjóti, Birkimels og e.t.v. skoðað fjós á Barðaströnd. Ferðin hófst á tveimur stöðum. Rúta fór frá MS Búðardal kl. 9.00, í Bjarkalundi bættust bændur á því svæði í hópinn. Barðstrendingarnir komu svo síðastir í rútna í Flókalundi. Bændur á Ísafjarðarsvæðinu lögðu á stað kl. 9.30. Allur hópurinn hittist niður við höfnina hjá Kalkpörungaverksmiðjunni á Bíldudal. Í ferðinni voru samtals 27 manns.

Starfsmenn Kalkpörungaverksmiðjunnar á Bíldudal tóku á móti hópnum með súpu og brauðmeti. Síðan fór verksmiðjustjórnin Guðmundur Magnússon yfir sögu fyrir tækisins, hvernig kalkpörungar myndast, hvar námurnar eru í Arnarfirði og hvernig kalkpörungunum er dælt úr sjónum. Því næst fór hann yfir framleiðsluferillinn í verksmiðjunni, hvað er hægt að gera úr kalkpörungum til skepnufóðurs og manneldis.

Jörundur Garðarsson, gæðastjóri fór yfir verkferla, vottanir og gat þess að verksmiðjan stefni að ISO-gæðavoittun áður enn langt liður.

Eftir góða veitingar og sýningu um verksmiðjuna var Guðmundi og Jörundi færðar kærar þakkir fyrir móttökurnar.

Þá var haldið til Patreksfjarðar þar sem heimamenn (bændur af Barðaströndinni) kynntu bæinn. Eftir stutt stopp hélt hópurinn að Byggðasafninu að Hnjóti í Örlýgshöfn þar sem safnvörðurinn Sigurbjörg Ásgeirsdóttir tók á móti hópnum. Sigurbjörg sagði frá Agli Ólafssyni stofnanda safnsins ásamt því að sýna safnið og segja frá helstu markverðum gripum. Þess má geta að Egill var framleiðandi mjólkur á árum áður og lengst af formaður Mjólkursamlags Patreksfirðinga. Margt áhugavert er að skoða á safninu. Þar gat að líta meðal annars muni frá hinni frækilegu björg-un við Látrabjarg, nokkra muni einsetumannsins Gísla Gíslasonar frá Uppsólum í Selárdal, flugvélasafn og fleira. Eftir skoðun á safninu og kaffiveitingar hélt hópurinn að Félagsheimilinu Birkimel á Barðaströnd. Þar skildi vera grillað ofan í manskapinn.

Á meðan að undirbúningi að kvöldverðinum stóð, skutust einn hjón heim og kláruðu kvöldmjaltirnar, fyrir kvöldverð. Tíminn fyrir kvöldmatinn



var því vel nýtur til mjalta, skrafs, og nokkur sýndu fótboltataкта á sparkvelli. Enginn úrslit verða gefin upp úr þeim leik.

Á matseðlinum voru lambalærisneiðar, kartöflusalat, hrásalat, sósa, fetaostur ásamt góðum drykkjum til að væta kverkarnar.

Eftir matinn var tekinn fjöldasöngur undir styrkri stjórn Árna Brynjólfs-sonar frá Vöðlum í Önundarfirði. Höfðum menn á orði að söngurinn mundi berast yfir á Snæfellsnesið, sérstaklega vegna veðurbliðu og réttar vindáttar. Þetta er hinsvegar með öllu óstaðfest.

Eftir uppvask og frágang í húsinu var haldið heim á leið með viðkomu í fjósinu á Hvammi á Barðaströnd. Þar búa hjónin Valgeir Davíðsson og Ólöf Samúelsdóttir. Valgeir sýndi fjósið, gjafaaðstöðu, og mjaltþjark (róbót).

Er heim var komið í Búðardal um kl. 03.30, áttu nokkrir bændur eftir að koma sér heim. Þau sem áttu lengst að fara, áttu um eins og hálfra klukkustundar akstur eftir til síns heima.

Ferðin tókst í alla staði vel. Voru skipuleggjendum að ferðinni, þeim Halli Pálssyni á Naustum, Báru Sigurðardóttur á Lyngbrekku og Árna Brynjólfsyni á Vöðlum, færðar kærar þakkir fyrir framtakið. Ákveðið var að halda svona ferðum áfram á næsta ári. Stefnt er að halda svona ferð fyrsta laugardag í júní eftir sjómannadag ár hvert. Næsta ferð 2010 verður farin á Snæfellsnesið, í boði Snæfellinga.

Fyrir hönd ferðahópsins  
Sævar Hjaltason, MS Búðardal.

## Kynning á stjórnarmönnum

### Nafn:

Birna Þorsteinsdóttir, 54 ára.

### Bú:

Reykir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem leggur inn í MS á Selfossi.

### Heimilishagir:

Gift Rúnari Þ. Bjarnasyni og eigum við samtals 7 börn, 5 tengdabörn og 7 barnabörn en erum að mestu orðin ein í heimili. Tveir yngstu synir okkar eru þó enn með heimili á Reykjum en eru mikið í burtu við nám og störf. Nú í sumar eru hjá okkur tveir 14 ára unglingar til aðstoðar við bústörfin.

### Búskapur:

Rúmlega 50 kýr ásamt geldneytum til viðhalds og 10 hestar. Að sjálfsögðu mjólk, en hvað annað?

### Hvenær hófstu búskap?

Árið 1978 í Stóru-Hildisey í Austur Landeyjum ásamt fyrri manni mínum Ólafi L. Bjarnasyni (d. 1998) og bjó þar þang að til í maí 2000 en þá flutti ég upp að Reykjum.

### Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap?

Helstu breytingar í búskapnum það sem kemur fyrst upp í hugann eru afköst við heyöflun og reyndar alla véla vinnu. Þótt afurðir kúnna hafi aukist eru það ekki nærri eins stór skref. Vinnuhagræðing í fjósunum er líka gríðarleg. Sú vinna sem fellur undir bústjórn hefur aukist mikið og orðið mun mikilvægari. T.d. var alveg óþekkt á mínum fyrstu búskaparárum að leita tilboða í aðföng.

### Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag?

Fyrst kemur upp í hugann að reyna að afla sem mest af hágæðafóðri heim á búunum. Nýta þetta mikla og góða ræktunarland sem flest bú hafa yfir að ráða og nýta sér kosti verktöku þar sem hún er í boði og samnýtingar þessara afkastamiklu en dýru tækja sem eru til jarðyrkju og fôðuröflunar í dag. Þá hvet ég bændur til að nýta sér þekkingu leiðbeiningaþjónustunnar sem er mikil vött og breitt um landið og mikilvægt er að breyta aðgengi að þannig að múrar héraðs-skiptingar falli.

### Hvar kreppir skórin í búskapnum?

Helstu ógnanir eru að sjálfsögðu hugsanleg innganga í EB og ef til þess kæmi stöndum við illa að vígi í samkeppni við bændur í EB sem hafa m.a. mun afkastameira kúakyn til að framleiða sína mjólk. Það brýnasta sem við stöndum frammi fyrir er að lækka framleiðslukostnaðinn með öllum tiltækum ráðum. Eins er algjört lífsspursmál fyrir mjólkuriðnaðinn að ná fram leiðréttingu á verðlagningu hinna ýmsu vörflokka. Með þeirri miklu tilfærslu á neyslu sem er að verða í kjölfar kreppunnar, frá meira unnum mjólkurvörum yfir í minna unnar er undirverðlagning neyslumjólkur að sliga iðnaðinn.

### Framtíðaráform þín:

Það eru ekki neinar breytingar á döfinni, við höldum að okkur höndunum í sambandi við framkvæmdir eins og flestir bændur í dag en erum að auka verulega við okkur í kornrækt til sölu.




### Félagsmálastörf:

Ég hef starfað mikið í gegnum tíðina að félagsmálum kúabænda og þá fyrst og fremst innan raða Félags kúabænda á Suðurlandi og L.K þar sem ég hef m.a. verið fulltrúi á Búnaðarþingi tvö kjörtímabil. Í stjórn Auðhumlu var ég kosin á fyrsta aðalfundi árið 2007 og hef setið sem varamaður í stjórn MS frá áramótum.


### Góð ráð til MS og Auðhumlu:

Æskilegast væri að Skagfirðingar kæmu að fullu inn í samstarfið þá væri hægt að sameina MS og Auðhumlu og umhverfið yrði miklu einfaldara og ódýrara. Að öðru leyti gildir það sama og á heimilunum, spara og hagræða.


## Samanburður á frumtölu árin 2009 og 2008 hjá innleggjendum MS



## Samanburður á líftölu árin 2009 og 2008 hjá innleggjendum MS



## Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



## Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:  
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:  
Garðar Eiríksson, gardare@audhumla.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumlu og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

## Sala á mjólkurvörum í janúar-maí 2009

	Magn (kg.)				Upphæð			
	Jan.-maí. 08	Jan.-maí. 09	Mism. þús kr.	Mism. %	Jan.-apr. 08	Jan.-apr. 09	Mism. ltr/kg	Mism. %
Samt. kg.	3.187.173	3.189.148	1.974	0,06	2.342.044.287	2.847.199.717	505.155.430	21,57
Samt. ltr.	20.919.208	22.073.453	1.154.244	5,52	3.141.175.426	3.720.760.525	579.585.099	18,45
Samt.	19.129.439	20.038.167	908.728	4,75	4.236.729.517	5.143.966.857	907.237.340	21,41

## Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2008-2009

Landið september-maí:	2008-2009	2007-2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	93.956.445	92.931.005	1.025.440	1,10%
Greiðslumark	119.000.000	117.000.000	2.000.000	1,71%
Nýting greiðslumarks	78,95%	79,43%		
Landið janúar-maí:	2009	2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	54.837.902	54.909.361	-71.459	-0,13%

## Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008/2009	2007/2008	Mismunur	Hlutfall
21	2.680.212	2.690.726	-10.514	-0,39%
22	2.669.753	2.678.851	-9.098	-0,34%
23	2.656.556	2.666.541	-9.985	-0,37%
24	2.641.039	2.636.456	4.583	0,17%
25	2.621.860	2.622.670	-810	-0,03%
Samtals:	13.269.420	13.295.244	-25.824	-0,19%

## Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/05/09 - 4/05/09	4.04	3.27	2.55	0.7	6.8	-0.541	16	255	231	2.729

## Líftala í þúsundum hjá MS

Mánuður	% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu					
	0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
Maí 2009	87,76	95,46	99,63	0,18	0,11	0,07